

Stjórnarfundur Félags hrossabænda

haldinn á Þingeyrum A-Hún. 17. október 2009

Mætt voru Kristinn Guðnason, Sigbjörn Björnsson, Helga Thoroddsen, Ólafur Einarsson, Eyþór Einarsson og Hulda G. Geirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Kristinn setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna um leið og hann þakkaði Helgu fyrir heimboðið. Fyrsta mál á dagskrá var **undirbúningur aðalfundar 2009**. Farið var yfir þau mál, en undirbúningur þegar vel á veg kominn og átti aðeins eftir að ganga endanlega frá dagskrá og lista yfir boðsgesti. Rætt um að fá Guðlaug Antonsson til að halda erindi, auk Sigurbjarts Pálssonar frá LM.

Fjallað um stjórnarkjör á komandi aðalfundi. Helga gefur ekki kost á sér til endurkjörs, en Ólafur gefur kost á sér áfram. Einnig þarf að kjósa búnaðarþingsfulltrúa og gefur Sigbjörn kost á sér í það verkefni.

Farið yfir drög að **skýrslu stjórnar** og Kristni og Huldu falið að klára skýrsluna fyrir aðalfund. Í framhaldi af þeirri umræðu var rætt um hugmyndir að einhvers konar blaðaútgáfu að hausti þar sem fram kæmu helstu upplýsingar úr kynbótamatinu, fræðigreinar og annað slíkt, svipað og Hesta-Freyr var á sínum tíma. Huldu og Eyþóri falið að kanna möguleika á slíku nánar.

Staða fjármála rædd og er hún nokkuð góð. Reksturinn í jafnvægi.

Næst var rætt um **stefnumótun og markaðsmál** og áframhaldandi vinnu á þeim vettvangi. Sigbirni og Huldu falið að fylgja málinu eftir og vinna frekar.

Hulda kynnti bréf frá samtökunum „**Beint frá býli**“ þar sem óskað er eftir fjárstuðningi. Stjórnarmenn tóku erindinu vel og fannst verkefnið jákvætt á allan hátt. FHB stendur þó ekki undir því að veita umtalsverða styrki til annarra og Huldu falið að svara erindinu í samræmi við það.

Hulda kynnti erindi frá Ingibjörgu Sigurðardóttur á Hólum varðandi verkefni sem lýtur að **kortlagningu á umfangi og eðli hestamennsku og hestatengdrar þjónustu á NV-landi**. Óskað eftir samstarfi við FHB. Stjórnin tók erindinu vel og fól Huldu að svara Ingibjörgu bréflaga þar sem fram kemur að FHB sé tilbúið til að vera samstarfsaðili við rannsóknina.

Rætt um **Landsmót** og undirbúning að því. Ekki um neinar nýjar fréttir að ræða af þeim málum en vonandi fá félagar upplýsingar á aðalfundi í gegnum erindi frá Sigurbjarti.

Þróunarfjárnefnd hrossaræktarinnar hefur nú lokið störfum, en árið í ár var síðasta árið sem framlag ríkisins til greinarinnar var veitt. Fundarmenn allir sammála um mikilvægi þess að reyna að tryggja slíka fjármögnun áfram enda hafi þróunarféð verið eina opinbera framlagið til búgreinarinnar og reynst lykilatíði í að koma ýmsum góðum verkefnum á koppinn. Formanni falið að fylgja málinu eftir og óska eftir fundi með fjárlaganefnd í samstarfi við formenn FT og LH.

Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma, var gestur fundarins og kynnti hún ýmis mál er varða hrossabændur og þeirra hag, s.s. væntanlega lyfjaskráningu, útgáfu hestavegabréfa og fleira er að hrossaræktinni lýtur. Stjórnarmenn sammála um mikilvægi þess að slík mál séu í lagi og sem hentugust fyrir hrossaræktendur. Samþykkt að Sigríður kynni sömu málefni fyrir hrossabændum á komandi aðalfundi.

Stuttlega var farið yfir fréttir af síðasta **fagraðsfundi**, m.a. tillögur að lágmörkum kynbótahrossa inn á landsmót.

Undir liðnum önnur mál var ekki annað á dagskrá en skoðunarferð með Gunnari bónda á Þingeyrum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

HGG/hgg